



268. Stjórnarfundur haldinn 27. apríl 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Stjórn knattspyrnudeildar í heimsókn.

Fundað með stjórnarmönnum knattspyrnudeildar. Rúnar lagði fram fjárhagsáætlun knattspyrnudeildar þessa árs og nokkrar umræður um fjárhagsáætlun. Aðstaða deildarinnar rædd. Umræður um Hringbrautarsvæði. Farið yfir skyldur og ábyrgðir stjórnarmanna og aðalstjórnar. Stjórnarmönnum fært bindi með logói félagsins í.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

3. Innkomin bréf.

Afrit af bréfi frá fimleikadeild til Klemenzar Sæmundssonar v/slys á dóttur hans sem varð á æfingu.

Bréf frá UMFÍ v/ Norrænu Ungmennavíki 2006. Sett í hólfi deilda.

Tölvupóstur frá Kristjáni Guðlaugssyni gjaldkera körfuknattleiksdeildar v/ framlengingar á yfirdrætti í LÍ Keflavíkurútibúi. Samþykkt að veita þeim heimild til framlengingar á núverandi yfirdrætti til áramóta. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá framlengingu við LÍ Keflavíkurútibúi.

Tölvupóstur frá Smár framkvæmdastjóra körfuknattleiksdeildar þar sem formanni félagsins er boðið á lokahóf deildarinnar sem haldið verður sunnudaginn 31. apríl '06

4. Send bréf.

Engin

5. Íþrótt- og leikjaskóli.

Auglýsa eftir starfsfólki í Víkurfréttum. Nokkrar umsóknir hafa borist. Framkvæmdastjóra falið að ráð starfsfólk. Ákveðið að gjald skuli vera 5.500 kr. og veittur verði systkinaafsláttur 1.000 kr. Verið að senda inn upplýsingar um skólann vegna sumarblaðs MÍT.

6. 17. júní 2006.

Búið að halda tvo fundi og dagskráin næstum því fullmótuð.

6. Önnur mál.

Þing ÍSÍ verður um helgina og verða þeir Einar H. og Kári G. í hópi þingfulltrúa ÍRB. Stjórnarfundur UMFÍ verður haldinn 12. – 13. maí.

Samráðsfundur UMFÍ verður haldinn 13. – 14. maí í Reykjadal S-Þing (Narfastöðum).

Ákveðið að Kári G. fari á samráðsfundinn.

Breyting á útliti á heimasíðu er í vinnslu.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.19:20

